

Mánudaginn 13. janúar 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 11:15.

Mætt voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Þuríður Jóney Sigurðardóttir.

Einnig sat fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Starfsreglur stjórnar

Formaður mun vinna tillögu að starfsreglum sem lögð verður fyrir næsta fund.

2. Stjórnarlaun

Miðað verður við að fundir séu að jafnaði haldnir um leið og sveitarstjórnarfundir.

Verður tekið fyrir sem hluti af starfsreglum.

3. Staða framkvæmda

Einingar í bygginguna koma 23. til 24. janúar. Miðað er við að búið verði að reisa fyrir mánaðarmót og afhending verði í maí.

4. Fjármögnun stofnunarinnar

- Stofnframlög. 50% veða greidd eftir að gengið hefur verið frá samningi, sjá dagskrárlið 5.*
- Viðbótarframlag frá Dalabyggð (styrkur frá Íbúðalánasjóði). Er væntanlegt fljótlega.*
- Lántaka til skemmri tíma. ^{Samþykkt} Samþykkt að fela sveitarstjóra að semja um lán frá Arion banka vegna greiðslna upp í kaupsamning. Lán frá Íbúðalánasjóði verður greitt við afhendingu íbúðarinnar.*

5. Samningur við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna stofnframlags og kvöð vegna veðsetningar (sjá viðhengi).

Frestað til næsta fundar sem verður 16. janúar.

6. Undirritun skjala vegna stofnunar bankareiknings

Skjöl undirrituð.

7. Auglýsing á íbúðum til leigu

Stefnt er á að auglýsa íbúðirnar í febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.

PL
BR
Ej. S. EIR
6

Einar Jón Geirsson
Einar Jón Geirsson

Puríður Jóney Sigurðardóttir
Puríður Jóney Sigurðardóttir

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Skúli Hreinn Guðbjörnsson
Skúli Hreinn Guðbjörnsson
